

Nd.

787. Nefndarálit

[282. mál]

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur á undanförnum þingum flutt tillögur um gagngerar breytingar á núgildandi skattalögum. Meginefni tillagnanna hefur verið þrennt: Í fyrsta lagi hefur flokkurinn talið nauðsynlegt að hverfa frá því, að tekjuskatturinn sé fyrst og fremst skattur á launafólk, og því viljað stefna að afnámi tekjuskatts af venjulegum launatekjum. Í öðru lagi hefur þingflokkurinn talið nauðsynlegt að taka upp sérsköttun hjóna. Og í þriðja lagi hefur hann viljað láta atvinnureksturinn taka réttlátari hlutdeild í skattbyrðinni en átt hefur sér stað.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir sérsköttun hjóna. Ýmsar breytingar til bóta eru og gerðar á skattlagningu af tekjum atvinnurekstrar. Þessu ber að fagna. Hins vegar þarf að lækka tekjuskatt verulega á lægstu tekjum og raunar afnema hann við hærri tekjumark en frv. gerir ráð fyrir og stíga þannig fyrstu sporin til þess að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Að þessu miða þrjár fyrstu breytingartillögurnar, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Gert er ráð fyrir því, að frá útreiknuðum tekjuskatti, en ekki útsvari, skuli draga sérstakan viðauka við persónuafslátt, er nemi 50 000 kr. hjá hverjum manni, en að hann geti færst milli hjóna. Þá er gert ráð fyrir því, að 10% frádráttarheimildin í 30. gr. hækki í 12%.

Sem dæmi um áhrif þessara breytinga má nefna eftirfarandi:

1. Skattfrelismörk einhleypinga hækka úr 1 550 þús. kr. í 1 870 þús. kr. og hliðstætt hjá hjónum.

2. Einhleypingur er skattfrjáls skv. ákvæðum frv. við 1 542 þús. kr. tekjur, en yrði skattfrjáls við 1 893 þús. kr. tekjur, en greiddi þó skv. ákvæðum frv. 57 þús. kr. í tekjuskatt.

3. Einhleypingur með 2 500 þús. kr. tekjur greiðir skv. frv. 175 þús. kr. tekjuskatt, en mundi greiða 112 þús. kr. Tekjuskattur hans mundi lækka um 63 þús. kr.

4. Hjón, þar sem annað hjóna aflar 3 500 þús. kr. tekna, en hitt engra, greiða skv. frv. 159 þús. kr. í tekjuskatt, en mundu greiða 41 þús. kr. Skattalækkun yrði 118 þús. kr. Þetta dæmi er nálægt meðaltali áætlaðra tekna þessa hóps á árinu 1978.

5. Hjón, þar sem annað aflar 3000 þús. kr., en hitt 1000 þús. kr. tekna, greiða skv. frv. 263 þús. kr., en mundu greiða 144 þús. kr. Tekjuskattslækkun þeirra yrði 119 þús. kr. Þetta dæmi er líka nálægt meðaltali áætlaðra tekna þessa hóps á árinu 1978.

Lagt er til að hlutfall fasts frádráttar af launatekjum, sem gjaldendur geta valið í stað þess að tíunda lífeyrissjóðsgjöld, stéttarfélagsgjöld, vaxtagjöld og gjafir til menningarmála, hækki úr 10% í 12%. Þessi breyting leiðir til þess, að mun fleiri gjaldendum verður hagstætt að nota heimildina til fasts frádráttar og þar með ætti að sparast vinna við framtalsgerð hjá fjölda gjaldenda. Um leið mundi þessi breyting draga úr vinnu á skattstofum við yfirferð framtala, og með henni ætti að nást aukin nákvæmni í staðgreiðslu opinberra gjalda, þegar staðgreiðslu-kerfið kemst til framkvæmda. Auk þess að horfa þannig til einföldunar leiðir tillagan einnig til réttlátari dreifingar á skattbyrðinni vegna þess að frádrátturinn kemur þeim að auknum notum sem ekki hafa notið verulegs frádráttar vegna vaxtagjalda, t. d. þeim er í leiguhúsnæði búa.

Framkvæmd þessara tillagna mundi jafngilda 5.5 milljarða tekjumissi ríkis-sjóðs. Útgjöld á fjárlögum eru sem næst 140 milljarðar, og nemur tekjumissirinn því tæpum 4%. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála að lækka útgjöld almennt um tæp 4%. Útgjöld til félagslegra þarfa, svo sem félagsmála, heilsugæslu og skólamála, mega ekki lækka. En ýmis fjárfestingarútgjöld, sem nema um 40 milljörðum kr., svo og almenn rekstrarútgjöld ríkisins ættu að geta lækkað um samtals 5.5 milljarða, og verður nánar um það rætt í framsögu.

Um 4. breytingartillöguna er þetta að segja:

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að eftir gildistöku ákvæða þess séu eignir árlega hækkaðar samkvæmt verðbreytingarstuðli og fyrningar reiknaðar af þannig endurmetnu stofnverði. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þannig fengnar fyrningar séu skertar eftir tilteknum reglum, ef hluti af fyrnanlegum eignum er fjármagnaður með lánsfé. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir því, að atvinnurekendur skuli einhliða hækka allar eldri eignir við gildistöku laganna, og er ekki gert ráð fyrir skerðingu á þeim auknu fyrningum, sem þannig fást vegna þess að þessar eignir hafi á sínum tíma verið fjármagnaðar með lánsfé. Í breytingartillögunni felst að á móti þessari endurmatsheimild skuli byggður upp stofn að mótvirðisreikningi fyrninga og þannig tekið tillit til þess, hvernig eignir þær, sem eins skiptis endur-matsreglna ákvæðisins nær til, voru fjármagnaðar í upphafi.

Alþingi, 28. apríl 1978.

Gylfi Þ. Gíslason.